

Mál nr. 427/2015**M
og
vátryggingafélagið V v/ hundatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við fæðingu hvolpa með keisaraskurðaðgerð.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 25.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.12.2015.

Málsatvik.

Hinn 15. júlí 2015 sótti M um vátryggingu fyrir tíkina A hjá V. Sama dag mun V hafa veitt vátrygginguna. Hinn 28. ágúst 2015 eignaðist A hvolpa og voru þeir teknir með keisaraskurði.

Í máli þessu krefst M bóta vegna kostnaðar fyrir vinnu dýralæknis við keisaraskurðinn. V kveður meðgöngutíma tíkur vera 61 til 63 daga. Samkvæmt því hafi A verið hvolpafull við töku vátryggingarinnar, en kostnaður vegna keisaraskurðar við þær aðstæður fái ekki bættur úr vátryggingunni. Af þeim sökum hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 1.2 í sjúkrakostnaðarlið í vátryggingarskilmálum þeim sem hér eru til skoðunar bætir vátryggingin læknskostnað vegna keisaraskurðar sem er talinn læknisfræðilega nauðsynlegur að álit dýralæknis. Þó bætir vátryggingin ekki bættur ef hin vátryggða tík er hvolpafull við töku vátryggingarinnar og til keisaraskurðar kemur í því tilviki. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu voru hvolpar A teknir með keisaraskurðaðgerð 28. ágúst 2015 eða 44 dögum eftir töku vátryggingarinnar. Fer því ekki á milli mála að A hafi því verið hvolpafull er vátryggingin var tekin. Vátryggingin bætir því ekki kostnað vegna keisaraskurðaðgerðarinnar sem gerð var 28. ágúst 2015. Skiptir í þessu sambandi ekki máli þótt það hafi ekki greinst við skoðun dýralæknis í tengslum við vátryggingartökuna að tíkin var hvolpafull né heldur hversu löngu fyrir töku vátryggingarinnar skoðun dýralæknisins fór fram. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni vegna umræddrar keisaraskurðaðgerðar.

Niðurstaða.

M, Gunnar Karl Ársælsson, á ekki rétt á bótum úr hundatryggingu hjá V.

Reykjavík, 18. desember 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.